Reglur um greiðsludreifingu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda í Vatnsendahvarfi í Kópavogi

1. gr.
Markmið

Reglum þessum er ætlað að veita svigrúm við greiðslu gatnagerðargjalda og annarra tengdra gjalda, sem lögð eru á við samþykkt byggingaráforma, á lóðum í Vatnsendahvarfi. Markmiðið er að greiða fyrir uppbyggingu í hverfinu og auðvelda áfangaskiptingu framkvæmda.

Reglur þessar eru settar með stoð í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald, VI kafla reglna um úthlutun lóða í Kópavogsbæ, II kafla samþykktar nr. 1559/2023 um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjöld, stofngjöld og önnur þjónustugjöld tengd skipulagi og framkvæmdum í Kópavogsbæ og úthlutunarskilmála fyrir lóðarúthlutanir í Vatnsendahvarfi.

2. gr.
Gildissvið

Reglur þessar taka til lóða og byggingarverkefna í Vatnsendahvarfi. Reglurnar gilda um allar tegundir húsa í Vatnsendahvarfi.

Reglurnar taka ekki til greiðslna á byggingarréttargjaldi.

3. gr.
Almenn skilyrði greiðsludreifingar

Greiðsludreifing samkvæmt reglum þessum stendur öllum gjaldskyldum aðilum til boða sem hafa fengið úthlutað lóð í Vatnsendahvarfi og uppfylla skilyrði reglna þessara. Greiðsludreifing er háð því að samþykkt byggingaráforma liggi fyrir, gjaldskyldur aðili sé ekki í vanskilum við Kópavog, framkvæmdaáætlun liggi fyrir.

4. gr.
Umsóknarferli og skilyrði greiðslufyrirkomulags

Gjaldskyldur aðili skal sækja um greiðsludreifingu með rafrænni umsókn þess efnis inn á *„Mínum Kópavogi“.* Með umsókn skal fylgja framkvæmdaráætlun.

Sé umsókn um greiðsludreifingu samþykkt skal gerð sérstök greiðsluáætlun, sem samþykkt er af hálfu Kópavogs og viðkomandi gjaldanda. Í greiðsluáætlun skal kveðið á um fjárhæð og gjalddaga einstakra greiðslna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

Heimilt er að dreifa greiðslum gatnagerðargjalds og annarra tengdra gjalda, sem lögð eru á við samþykkt byggingaráforma, á allt að fjóra gjalddaga á 24 mánaða tímabili frá samþykkt byggingaráforma. Gjaldandi velur fjölda gjalddaga í umsókn og ræðst fjárhæð einstakra greiðslna af fjölda gjalddaga.

Allar greiðslur samkvæmt samþykktri greiðsluáætlun skulu þó vera að fullu greiddar eigi síðar en við fokheldi fasteignar (byggingarstig 2), samkvæmt framlagðri framkvæmdaráætlun með umsókn. Liggi fyrir að tafir verða á framkvæmdum fram að fokheldisstigi er heimilt að óska eftir frekari greiðslufresti, þó þannig að lokagjalddagi sé innan 24 mánaða frá samþykkt byggingaráforma.

5. Gr.
Verðbætur og vextir

Eftirstöðvar gjalda samkvæmt samþykktri greiðsluáætlun eru verðbættar og taka breytingum í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni.

Við vanskil falla allar eftirstöðvar samkvæmt greiðsluáætlun á gjalddaga og dráttarvextir reiknast samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

6. Gr.
Málsmeðferð

Umhverfissvið fer með úrvinnslu innsendra umsókna um greiðsludreifingu og ber greiðsluáætlun undir skrifstofu áhættu- og fjárstýringar til samþykktar.

Við beitingu reglna þessara og úrvinnslu umsókna skal gæta jafnræðis og meðalhófs og byggja á málefnalegum sjónarmiðum og vönduðum stjórnsýsluháttum.

7. Gr.
Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Kópavogs þann xxxx og í bæjarstjórn Kópavogs þann xxx

Reglur þessar gilda í tvö ár frá gildistöku.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026